



## 120. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn, 20. apríl, 2005, kl. 12:00.

Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.  
Ólöf Pálmadóttir ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Bréf frá Héraðsnefnd A-Húnavetninga.
2. Bréf frá Dýhól ehf.
3. Bréf frá íþróttá- og ólympíusamb. Íslands.
4. Lánasjóður sveitarfélaga – lánsveiting.
5. Lánasjóður sveitarfélaga - vaxtabreytingar.
6. Fundarboð á aðalfund Vilko ehf.
7. Fundarboð á aðalfund Húnakaupa hf.
8. Fundarboð á ársfund FSA.
9. Fundarboð á stofnfund Hollvinasamt.Heilbrigðisst. á Blönduósi.
10. Drög að samningi við eftirlistnefnd með fjármálum sveitarfél.
11. Mál vegna ræktunarlands nr. 86.
12. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. **Bréf frá Héraðsnefnd A-Húnavetninga.**  
Lagt fram til kynningar, eru athugasemdir og svör við þeim vegna svæðisskipulags í Austur-Húnavatnssýslu
2. **Bréf frá Dýhól ehf.**  
Beiðni um lækkun á fasteignagjöldum ársins 2003 til samræmis við álagningu ársins 2004, vegna endurskoðaðs fasteignamats. Afgreiðslu frestað.
3. **Bréf frá íþróttá- og ólympíusamb. Íslands.**  
Minnt á fyrirtækjakeppnina – Hjólað í vinnuna – daganna 2. til 13. maí n.k. Lagt fram til kynningar.
4. **Lánasjóður sveitarfélaga – lánsveiting.**  
Samþykkt Lánasjóðsins á umsókn um lán til 15 ára að upphæð 25.000.000 króna. Samþykkt samhljóða og veita Lánasjóðnum tryggingu í tekjum sveitarfélagsins vegna lánveitingarinnar sbr. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998
5. **Lánasjóður sveitarfélaga - vaxtabreytingar.**  
Tilkynning um lækkun vaxtaálag sjóðsins úr 0,15% í 0,05% á endurlánafé sjóðsins frá 1. apríl 2005. Lagt fram til kynningar.
6. **Fundarboð á aðalfund Vilko ehf.**  
Aðalfundur Vilko ehf verður haldinn þriðjudaginn 26. apríl n.k. að Hótel Blönduósi, Bæjarráð sæki fundinn



- 7. Fundarboð á aðalfund Húnakaupa hf.**  
Aðalfundur Húnakaupa h.f. verður haldinn á veitingahúsinu Við árbakkann, þriðjudaginn 26. apríl n.k.. Bæjarráð sækir fundinn.
- 8. Fundarboð á ársfund FSA.**  
Ársfundur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri verður haldinn miðvikudaginn 4. maí n.k. Lagt fram til kynningar.
- 9. Fundarboð á stofnfund Hollvinasamt.Heilbrigðisst. á Blönduósi.**  
Stofnfundur Hollvinasamtaka Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi var haldinn 19. apríl s.l. Lýsir bæjarráð yfir ánægju sinni yfir stofnun þessara samtökum.
- 10. Drög að samningi við eftirlistnefnd með fjármálum sveitarfél.**  
Drögin lögð fram til kynningar.
- 11. Mál vegna ræktunarlands nr. 86.**  
Lögð fram stefna til ógildingar á ákvörðun bæjarráðs frá 22. júlí 1998 um innlausn á ræktunarlandi nr. 86 á Blönduósi. Lagt fram til kynningar.
- 12. Önnur mál.** Önnur mál eru enginn.

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið kl. 13:00*

*Ágúst Þór Bragason (sign.)  
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

*Ólöf Pálmadóttir (sign.)*